



Fundargerð 2. fundar stjórnar SSA haldinn 8.september 2020

Fundurinn var haldinn á Teams og hófst hann kl 15:00

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Einar Már Sigurðarson, Gauti Jóhannesson, Hildur Þórisdóttir, Sigríður Bragadóttir og Stefán Bogi Sveinsson. Pálína Margeirsdóttir og Gunnar Jónsson boðuðu forföll og í þeirra stað mættu Jón Björn Hákonarson og Berglind Harpa Svavarsdóttir.

Mættir starfsmenn Austurbrúar voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Formaður stjórnar bauð fundargesti velkomna og setti fundinn.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir

1.1 Fundargerð frá 1. fundi stjórnar SSA

Fundargerðin var lögð fram til staðfestingar og verður undirrituð rafrænt.

1.2 Fundargerð 1. fundar framkvæmdaráðs

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

1.3 Fundargerðir stjórnar SSH (500), SSV (155), SSVN(58), Vestfjarðastofa (28), SSNE (12), SSS (758)

Fundagerðirnar voru lagðar fram til kynningar.

1.4 Fundargerðir sambandsins (886)

Fundagerðirnar voru lagðar fram til kynningar.

1.5 Helstu niðurstöður skýrslu vegna Covid 19 á sveitarfélög

Lagt fram til kynningar

2. Innra starf SSA

2.1 Haustþing SSA

-Farið var yfir undirbúningsvinnu Haustþings. Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar beiðni um breytta dagsetningu haustþings. Stjórn sammála um að haustþingið skuli haldið 9-10 október eins og plön gerðu ráð fyrir og framkvæmdastjóra falið að senda út fundarboð í vikunni ásamt því að auglýsa eftir tilnefningum til Menningarverðlauna. Frekari undirbúningi haustþings vísað til framkvæmdastjóra.

2.2 Sóknaráætlun – Uppbyggingarsjóður Austurlands

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn tillögur að skipunum í fagrád. Tillögurnar voru samþykktar af stjórn

Menning

Sunneva Hafsteinsdóttir formaður

Valdimar Másson

Vigdís Klara Aradóttir

Birna Pétursdóttir

Unnar Örn J. Auðarson

Atvinnu- nýsköpun

Sindri Sigurðsson formaður

Kenneth Svenningsen

Rán Freysdóttir

Dagmar Ýr Stefánsdóttir

Signý Björk Kristjánsdóttir

2.3 Greining á þróun útsvarstekna. Málið verður tekið upp á næsta fundi

3. Önnur mál

3.1 Landshlutasamtök – staða og hlutverk.

Framkvæmdastjóri sagði frá og kallaði eftir ábendingum frá stjórn varðandi umsögn um aðgerðaáætlun Landshlutasamtakanna. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram á sömu nótum með umsögnina og senda drög á stjórn.

3.2 Önnur mál

- Launamál Stjórnarmanna SSA. Framkvæmdastjóri óskaði eftir tillögum frá stjórn að útfærslum á stjórnarlaunum. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram útfrá hugmyndum stjórnar og fara síðan áfram með málið fyrir framkvæmdaráð.
- Erindi frá Skaftfelli. Framkvæmdastjóri kynnti erindi frá Skaftfelli vegna viðbótastyrks. Framkvæmdastjóra falið að skoða málið betur.
- N4. Framkvæmdastjóri kynnti erindi frá N4 um styrki til þáttagerðar um fjórðunginn. Framkvæmdastjóra falið að halda áfram samtali við N4.
- Svaust. Formaður sagði frá útboði á sérleyfum. Miðað er við að nýju samningarnir gildi í 3 ár frá og með næstu áramótum
- Loftbrú. Framkvæmdastjóri kynnti viðburð vegna opunar Loftbrúar. Stjórn fagnar að þessum stóra áfanga sé náð.



Ekki fleiri mál og fundi slitið kl 16:20

Einar Már Sigurðarson

Hildur Þórisdóttir

Gauti Jóhannesson

Stefán Bogi Sveinsson

Berglind Harpa Svavarsdóttir

Jón Björn Hákonarson

Sigríður Bragadóttir